

Umhverfisráðuneytið
Helga Barðadóttir
Skuggasundi
101 Reykjavík



Reykjavík 30. september 2020

Efni: Umsögn um útgáfu nr. 2 að Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Hinn 23. júní 2020 var á samráðsgátt stjórnvalda birt önnur útgáfa Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. Um er að ræða heildstæða áætlun sem samanstendur af 48 aðgerðum. Þar af eru 15 nýjar. Áhersla hefur verið lögð á að hrinda aðgerðunum strax í framkvæmd og eru 28 þeirra þegar hafnar. Samtök ferðaþjónustunnar - SAF hafa farið yfir aðgerðaráætlunina og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Samtökin fagna aðgerðaráætluninni og taka heilshugar undir það sem kemur fram um að loftlagsváin svokallaða sé stóra áskorun samtímans. Það sé mikilvægt að ríki heims dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og það þurfi að ganga þvert á allt samfélagið. SAF taka einnig undir það að þegar kerfisbreytinga er þörf, þá þurfa stjórnvöld að draga vagninn en ekki öfugt. Líkt og fram kemur þá er hvorki réttlátt né sanngjarnt að færa ábyrgðina eingöngu yfir á fyrirtæki, einstaklinga og heimili. Því þurfa aðgerðir sem snúa að stjórnvöldum að eiga forgang frekar en aðgerðir sem snúa að öðrum. Einfalt dæmi eru aðgerðir stjórnvalda sem snúa að samgöngum á landi. Þá þarf aðgerð *A.5 Innviðir fyrir vistvæn ökutæki* að vera langt komin áður en aðgerð *A.9. Vistvænar bílaleigubílar* verði að veruleika. Gera þarf fyrirtækjum mögulegt að velja hinn vistvæna kost þegar innviðirnir eru til staðar, um allt land. Svo við tökum dæmi þá er ekki hleðslustöð fyrir bílaleigubíla á Keflavíkurlugvelli. Það tekur enginn bílaleigubíl sem er hálfur af eldsneyti. Því þurfa innviðir fyrir nýorkubifreiðar að vera til staðar svo það borgi sig fyrir rekstaraðila að skipta yfir. Það er lykilatriði.

Umhverfismál og málefni ferðaþjónustunnar fara jafnan saman. SAF fagna því og styðja viðleitni stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ferðaþjónustuna eru reiðubúinn að fylgja stjórnvöldum í umhverfismálum en til þess þurfa sjónarmið þeirra þó að fara saman. SAF vilja vinna með stjórnvöldum en ekki gegn þeim en stjórnvöld verða þá vera reiðubúinn að láta nýorkugjafa vera raunverulegt val.

Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um hvað þarf að uppfylla svo t.d. bílaleigur geti tekið þátt í orkuskiptum í samgöngum:

- Góðir og stöðugir innviðir fyrir nýorku hafa verið byggðir upp.
- Þróun nýorkuökutækja hefur náð nokkrum stöðugleika
- Fjöldaframleiðsla nýorkuökutækja er komin á góðan reksþól
- Framleiðendur og söluaðilar nýrra ökutækja innanlands anna eftirspurn kaupenda
- Eftirmarkaður nýorkubifreiða er orðinn þroskaður og stöðugur
- Markaðssetning nýorkubílaleigubíla til útleigu hefur náð verulegum árangri
- Þjónusta við leigutaka er fullmótuð og nokkur reynsla hefur myndast
- Meðalakstur bílaleigubíla er í sambærilegu horfi og nú er eða a.m.k. ekki meiri.

Kaupverð nýorkubifreiða er hærra en annarra sambærilegra bifreiða ef frá er tekinn metanbifreið. Hærra verð lækkar hvata ferðamanna og bílaleigunnar að velja vistvæna bíla. Úrval nýorkubifreiða hefur verið takmarkað og það hefur áhrif á afhendingartíma og afhendingaröryggi. Biðin eftir bílunum er of löng. Í gegnum tíðina hefur verið óvissa um tækniþróun á sviði nýorkubifreiða. Bílaleigur kaupa inn mikið magn og óvissa sem viðkemur hvernig tæknin þróast, kaupverð, drægi, hleðslutíma og sjálfvirknivæðing eykur gríðarlega áhættuna í rekstri. Sérstaklega núna þegar mikill samdráttur á sér stað.

Lykilatriðið í allri umræðunni um að skipta um orkugjafa og velja nýorkugjafa er fordæmi stjórnvalda. Stjórnvöld verða að leiða þá vegferð að velja nýorkugjafa bæði varðandi kaup á tækjum og einnig tengt samningum á þjónustu. Einnig þarf að vera með fleiri jákvæða hvata til að velja nýorkugjafa.

Fjöldi hindrana er til staðar svo aðgerð *B Skip og hafnir* nái fram að ganga. SAF taka undir að það þurfi að draga úr losun á sjó. SAF fagna því að aðgerð B.5 Orkuskipti í skipum á vegum ríkisins skuli vera sett inn. Þar gildir það sama og með vistvænu bifreiðarnar, stjórnvöld þurfa að sýna fordæmi og styrkja innviði.

SAF vilja að endingu og til fyllingar vísa í „*Tillögur að verkefnum 2020 Innviðir til orkuskipta – samvinnuverkefni Grænu Orkunnar og samstarfshóps ráðuneyta um orkuskipti*“ sem kom út í nóvember 2019.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson